

Reglur um hlutabréfakaup Fjarðabyggðar

Reglur um hlutabréfakaup Fjarðabyggðar: Það er megin stefna bæjarstjórnar Fjarðabyggðar að standa ekki í atvinnurekstri enda hefur sveitarfélagið fullt í fangi með að sinna þeim lögboðnu hlutverkum sem því ber.

Í ákveðnum tilfellum er þó fyllilega réttlætanlegt að taka þátt í uppbyggingu atvinnurekstrar með hlutabréfakaupum.

Meginreglur við hlutabréfakaup eru:

Kaupa skal hlutafé í gegnum Eignarhaldsfélag Austurlands. Sé það ekki gert skulu sömu verklagsreglur gilda og Eignarhaldsfélag Austurlands hefur. Hlutafjäreign sveitarfélagsins í hverju hlutafélagi skal ekki vera hærri en 10% af heildarhlutafé.

Almennt skal stefnt að því að hlutafjäreign bæjarfélagsins aukist ekki frá því sem nú er.

Sampykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 30.12.1999
Guðmundur Bjarnason
bæjarstjóri